



Reykjavík 25.11.2016

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 23. nóvember 2016 varðandi eftirfarandi mál.

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins




Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 18. nóvember 2015, vegna samþykktar borgarstjórnar frá 17. nóvember 2015, um að vísa eftirfarandi tillögu til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs: "Borgarstjórn samþykkir að gripið verði til aðgerða í því skyni að tryggja börnum og ungmennum örugga göngu- og hjólaleið yfir Miklubraut á kaflanum milli Lönguhlíðar og Kringlumýrarbrautar. Umhverfis- og skipulagssviði er falið að kanna tiltæka kosti varðandi uppsetningu göngubrúar á svæðinu og undirgöng hins vegar og meta æskilega staðsetningu slíkra mannvirkja með tilliti til gönguleiða og gönguflæðis barna og ungmenna yfir Miklubraut. Sviðinu er jafnframt falið að taka upp viðræður við Vegagerð ríkisins um þátttöku í verkefninu þar sem um er að ræða stofnbraut í þéttbýli." Einnig eru lagður fram uppdráttur Landslags dags. 21. janúar 2016 og bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 31. október 2016.

*Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 31. október 2016 samþykkt.
Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjöl: uppdráttur Landslags dags. 21. janúar 2016 og bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 31. október 2016.



MIKLABRAUT - KRINGLUMÝRARBRAUT			
UNDIRGÖNG - ATHUGUN			
FRUMDRÖG			
KVARDI-A1: 1:500	TEIKN NR:	001	
DAGS: 21.01.2016	HANNAD:	ph	
FLOKKUR: 0000-reyk_C	TEIKNAD:	ph/er/rg	
SKRÁ: 15107-gm.dwg	VERKNR:	15107	




LANDSLAG
 LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
 SKÓLAVORÐUSTÍG 11, 101 REYKJAVÍK, Sími: 5355300, Fax: 5355301
 VEFANG: WWW.LANDSLAG.IS / NETFANG: LANDSLAG@LANDSLAG.IS



MIKLABRAUT - KRINGLUMÝRARBRAUT
 UNDIRGÖNG - ATHUGUN
 FRUMDRÖG

KVARDI-A1: 1:500	TEIKN NR: 002
DAGS: 21.01.2016	HANNAÐ: ph
FLOKKUR: 0000-reyk_C	TEIKNAB: ph/er/igr
SKRÁ: 15107-gm.dwg	VERKNR: 15107


LANDSLAG
 LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
 SKÚLAVÖRÐUSTÍG 11, 101 REYKJAVÍK, Sími: 5355300, Fax: 5355301
 VEFANG: WWW.LANDSLAG.IS / NETFANG: LANDSLAG@LANDSLAG.IS



MIKLABRAUT - KRÍNGLUMÝRABRAUT
 BRÚ - ATHUGUN
 FRUMDRÖG

KVARDI-A1: 1:500	TEIKN NR: 03
DAGS: 21.01.2016	HANNAÐ: ph
FLOKKUR: 0000-reyk_C	TEIKNAD: ph/er/rg
SKRÁ: 15107-gm.dwg	VERKNR: 15107






MIKLABRAUT - KRINGLUMYRARBRAUT
 BRÚ - ATHUGUN
 FRUMDRÖG

KVARDI-A1: 1:500	TEIKN NR: 04
DAGS: 21.01.2016	HANNAÐ: ph
FLOKKUR: 0000-reyk_C	TEIKNAD: ph/er/igr
SKRÁ: 15107-gm.dwg	VERKNR: 15107




KRINGLUMÝRARBRAUT



KRINGLUMÝRARBRAUT-UNDIRGÖNG

KRINGLUMÝRARBRAUT




KRINGLUMÝRARBRAUT-BRÚ

MIKLABRAUT-KRINGLUMÝRARBRAUT
UNDIRGÖNG OG BRÚ - ATHUGUN
FRUMDRÖG

KVARDI-A1: 1:200	TEIKN NR: 05
DAGS: 21.01.2016	HANNAÐ: ÞH
FLOKKUR: 0000-reyk_C	TEIKNAD: ph/er/rg
SKRÁ: 15107-gm.dwg	VERKNR: 15107

 **LANDSLAG**
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
SKÓLAVORÐUSTÍG 11, 101 REYKJAVÍK, Sími: 5355300, Fax: 5355301
VEFFANG: WWW.LANDSLAG.IS / NETFANG: LANDSLAG@LANDSLAG.IS


MIKLABRAUT



TORG

MIKLABRAUT-UNDIRGÖNG

MIKLABRAUT



TORG

MIKLABRAUT-BRÚ

KVARDI-A1: 1:200	TEIKN NR: 06
DAGS: 21.01.2016	HANNAD: bh
FLOKKUR: 0000-reyk_C	TEIKNAD: ph/er/jrg
SKRÁ: 15107-gm-dwg	VERKNR: 15107

 **LANDSLAG**
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
SKÓLAVORDUSTÍG 11, 101 REYKJAVÍK, SÍMI: 5355300, FAX: 5355301
VEFFANG: WWW.LANDSLAG.IS / NETFANG: LANDSLAG@LANDSLAG.IS



Umhverfis- og skipulagsráð

Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Miklabraut milli Kringlumýrarbrautar og Lönguhlíðar - mislæg gönguþverun

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs í nóvember 2015 var lagður fram undirskriftarlisti með um það bil 400 undirskriftum þar sem óskað er eftir göngubrú eða undirgöngum við Miklubraut á milli Kringlumýrarbrautar og Lönguhlíðar til að auka öryggi barna í hverfinu. Á fundinum þann 18. nóvember 2015 var kynnt hugmynd að undirgöngum undir Miklubraut við Kringlumýrarbraut. Þá var einnig rætt um að skoðaðar verði brúarlausnir.

Á fundi borgarstjórnar þann 17. nóvember 2015 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins;

Borgarstjórn samþykkir að gripið verði til aðgerða í því skyni að tryggja börnum og ungmennum örugga göngu- og hjólaleið yfir Miklubraut á kaflanum milli Lönguhlíðar og Kringlumýrarbrautar. Umhverfis- og skipulagssviði er falið að kanna tiltæka kosti varðandi uppsetningu göngubrúar á svæðinu og undirgöng hins vegar og meta æskilega staðsetningu slíkra mannvirkja með tillit til gönguleiða og gönguflæðis barna og ungmenna yfir Miklubraut. Sviðinu er jafnframt falið að taka upp viðræður við Vegagerð ríkisins um þátttöku í verkefninu, þar sem um er að ræða stofnbraut í þéttbýli.

Borgarstjórn samþykkti að vísa málinu til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

Umferð gangandi- og hjólandi var talin í nóvember 2015 á umræddum kafla Miklubrautar, við Skaftahlíð og Kringlumýrarbraut. Mun fleiri gangandi eru við Skaftahlíð en Kringlumýrarbraut, en umferð hjólandi er svipuð.

Möguleiki á mislægum gönguþverunum er sýndur á báðum þessum stöðum á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í aðalskipulaginu er einnig gert ráð fyrir að Miklabraut geti farið að hluta í stökk eða jarðgöng. Þar segir að þörf á framkvæmdum verði fyrst og fremst metin út frá loftgæðum og hljóðvist í aðliggjandi byggð og þeim tækifærum sem skapast við að tengja hverfi betur saman norðan og sunnan götunnar. Þá er að störfum starfshópur umhverfis- og skipulagsráðs um endurskoðun umferðarhraða vestan Kringlumýrarbrautar. Hraði umferðar hefur áhrif bæði á öryggi og umhverfisáhrif og tillögur hópsins gætu því falið í sér aðgerðir sem bæta öryggi göngu- og hjólaleiðar í plani yfir Miklubraut á þessum stað og draga jafnframt úr umhverfisáhrifum.

Lausnir fyrir göngubrýr og undirgöng á umræddum stöðum hafa verið skoðaðar af skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og ráðgjafa. Fylgja lauslegar hugmyndir að þeim hér með. Brýr og undirgöng eru möguleg á umræddum stöðum en munu hafa töluverð áhrif á

nærumhverfið. Allar þessa hugmyndir eru lagðar fram til kynningar. Lagning Miklubrautar í stökk eða jarðgöng hefur ekki verið til skoðunar hjá borginni síðustu misseri.

Bygging brúar eða undirganga fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur til að þvera Miklubraut milli Kringlumýrarbrautar og Lönguhlíðar er verkefni sem vinna þarf með Vegagerðinni í kjölfar deiliskipulagsvinnu og samráðsferlis og kæmi því ekki til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi árið 2018 ef fjármagn fæst.

Lagt er til að skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar greini hvernig hægt er að auka öryggi á núverandi gönguþverun og skili tillögum þess efnis til umhverfis- og skipulagsráðs fyrir lok árs. Líklegt verður að teljast að ekki verði bæði farið í uppbyggingu göngubrúar/undirganga á þessum stað og lagningu götunnar í stökk eða jarðgöng. Því er jafnframt lagt til að tillögur að lagningu Miklubrautar í stökk eða jarðgöng á þessum kafla verði teknar til nánari skoðunar og þær kynntar umhverfis- og skipulagsráði snemma árs 2017 áður en ákvarðanir um brú eða undirgöng verða teknar.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri